

Formáli

Atli Ingólfsson

Nú birtist hér níunda tölublað þessa stórhuga vefrits. Það hefur stöðugt þroskast og vaxið og fer þessi stóri bálkur greina að verða meira en neðanmálgrein í hérlendri umræðu um tónlist.

Og eins og sumt annað sem vel nærast og ört vex er eins og það sé að skipta sér: Að þessu sinni er sérstakur kafli helgaður umfjöllun um verk tónskáldsins Pauline Oliveros, vitnisburður frá málstofu Rannsóknarstofu í tónlist við LHÍ, eins og Berglind María Tómasdóttir kynnir okkur fremst í þeim kafla.

Hér er því komið efni sem sprottið er beint upp úr starfi skólans, einmitt eins og vonast var til við stofnun Þráða. Ekki er síður ánægjulegt að nemendur skólans eiga hér ágætan skerf: Tumi Árnason skrifar beint úr nútímanum um verk Westons Olenckis en Þórbergur Bollason skimar aftur til miðalda og ræðir Þorlákstíðir. Nemendur gera jafnframt grein fyrir rannsóknarverkefni sem unnið er undir handleiðslu Þorbjargar Daphne Hall í grein um jazztónlistarsenuna á Íslandi.

Ekki ætti að koma á óvart að hér birtast hugleiðingar um tónlistarnám frá tveimur þaulreyndum og margfróðum kennurum skólans: Sigurður Halldórsson fjallar um sérstakt alþjóðlegt samstarf um tónlist á heilbrigðisviði en Elín Gunnlaugsdóttir veltir fyrir sér hvernig best sé að kenna tónsmíðar, ef það skyldi nú vera hægt yfirhöfuð.

Þeir sem halda að Þræðir horfi framhjá dægurmenningu þurfa að skipta um skoðun þegar birtist þeim heillandi vitnisburður Lindu Bjargar Guðmundsdóttur um Eurovision. Þótt fræðin geti talist okkar ástríða, þá getur ástríða orðið á sinn hátt að fræði eins og í grein Lindu Bjargar.

Að þessu sinni eru tvær greinar helgaðar því stóra sérsviði sem tónsmíðar eru. Annars vegar leiðir Einar Torfi Einarsson okkur inn í heim gátutónlistar, því gátur geta sannarlega orðið að tónlist og gera það reglulega. Það eru kannski ekki gátur, en vissulega hulinn veruleiki sem liggur að baki seríalískra tónsmíða síðustu aldar. Mér þótti við hæfi að þýða og matreiða lítilla mikilvæga grein eftir György Ligeti sem birtist á blómaskeiði seríalismans. Hún á erindi við alla þá sem láta sig varða innihald og erindi tónverka, jafnt þá sem á okkar dögum.

Þessi síðastnefnda grein er svona eins og ný spíra í gróður mold Þráða, því ekki hafa áður birst hér þýðingar á skrifum þekktara tónskálda. Ég leyfi mér að vona að hún dafni og fleiri fylgi í

kjölfarið, enda er til dágott safn greina eftir frumkvöðla nýrrar tónlistar sem fengur væri af á íslensku.

Þeim Einari Torfa Einarssyni og Þorbjörgu Daphne Hall þakka ég samstarfið við samsetningu þessa heftis - nei, kóðaknippis - og óska þér lesandi ánægju og gagns af lestrinum.

Atli Ingólfsson